

Miðvikudaginn 30. september 1987.

Nr. 205/1987. **Landbúnaðarráðherra,
iðnaðarráðherra
fjármálaráðherra
f.h. ríkissjóðs
og Landsvirkjun**
 gegn
**hreppsnefndum Bólstaðarhlíðar-
hrepps, Lýtingsstaðahrepps og
Seyluhrepps og
Jóni Ísberg sýslumanni**

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar skutu hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með heimild í a-lið 1. tl. fyrri málsgreinar 21. gr. laga nr. 75/1973 með kæru 21. janúar 1987 er barst 24. júní 1987.

Sóknaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómaranum verði gert að víkja sæti í málinu.

Hreppsnefndir Bólstaðarhlíðahrepps, Lýtingsstaðahrepps og Seyluhrepps krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kæru-málskostnaðar.

Rök sóknaraðila fyrir kröfu þeirra eru rakin í hinum kærða úrskurði.

Rafmagnsveitur ríkisins sem virkjunaraðili Blöndu samkvæmt 1. gr. laga nr. 60/1981 gerðu samkomulag við Blönduóshrepp, Svínavatnshrepp, Torfalækjarhrepp, Lýtingsstaðahrepp, Seyluhrepp, og að því er virðist Bólstaðarhlíðahrepp, varðandi virkjun Blöndu 15. mars 1982.

Af hálfu Blönduóshrepps undirritaði héraðsdómarinn samkomu-lagið ásamt öðrum fulltrúa hreppsins.

Með samningi við ríkisstjórn Íslands 11. ágúst 1982 tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign vatnsaflsvirkjun í Blöndu í Blöndudal.

Telja verður að fulltrúar hreppanna hafi að verulegu leyti komið fram sameiginlega gagnvart viðsemjanda sínum við gerð framan-greinds samkomulags. Þykir staða héraðsdómarans gagnvart þeim sem við hlið hans stóðu, þar á meðal varnaraðilum kærumáls þessa, sú sem segir í síðari hluta 5. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber héraðsdómara því að víkja sæti í máli þessu.

Kærumálaskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hérðasdómarinn, Jón Ísberg sýslumaður, víkur sæti í máli þessu.

Úrskurður aukadómpings Húnavatnssýslu 14. nóvember 1986.

Mál þetta var höfðað með stefnu út. 14. feb. 1985. Í stefnu gera stefnendur þær dómkröfur „að þeim verði sameiginlega dæmdur eignarréttur að svonefndri Eyvindarstaðaheiði“.

„Gerð er krafa til þess að viðurkenndur verði með dómi sameiginlegur eignarréttur ofangeindra þriggja hreppa á heiði þessari með öllum gögnum og gæðum sem henni fylgja og fylgja ber í eftirtöldum hlutföllum innan óskiptrar sameignar:

- a. Bólstaðarhliðarhreppur 5/17 hlutar
- b. Lýtingsstaðahreppur 8/17 hlutar
- c. Seyluhreppur 4/17 hlutar.“

Þannig er að afsal til þessara hreppa er ekki til frá fyrri eiganda Eyvindarstaðaheiðar, en afsal til hans er til. Þess vegna töldu sveitarstjórnir þessara hreppa nauðsyn að tryggja sér þann rétt, sem þær töldu sig hafa, þ.e. eignarrétt yfir heiðalandinu. Undir venjulegum kringumstæðum var hér nánast um að ræða einfalt eignardómsmál, en iðnaðar-, landbúnaðar- og fjármálaráðuneytin mótmæltu og gripu til varna svo og Landsvirkjun. Helstu kröfur varnaraðila eru að eignarréttur hreppanna þriggja „takmarkist við óbein eignarréttindi og þá einkum upprekstrar- og beitarrétt“ (dómsskj. nr. 19, bls. 4). Undir þessa skoðun er tekið í varakröfu Landsvirkjunar (dómsskj. nr. 24).

Þar sem mál þetta hefir tekið þessa stefnu að ekki á aðeins að dæma um einfaldan og almennt viðurkenndan eignarrétt yfir landinu heldur einnig hvort hann geti verið takmarkaður í þessu tilfelli, þar sem um heiðalönd sé að ræða sem notuð eru aðeins til beitar að sumrum. Þá telja varnaraðilar málið snerta svo viðtæka hagsmunum að dómarinn, sem einnig er oddviti sýslunefndar, geti ekki stöðu sinnar samkvæmt verið hlutlaus í málinu.

Tekið fram að afsal vanti fyrir Eyvindarstaðaheiði, en hvað varðar Auðkúluheiði, en þar var dómarrinn samningsaðili, séu fossaréttindi undanskilin, þ.e. fyrri eigandi ríkissjóður eða réttara kirkjujarðasjóður eiga virkjunarréttinn. Þannig að hugsanleg áhrif á dómarrann sem íbúa Blöndu-óss fram yfir það að vera almennur skattþegn og kaupandi raforku í landinu, ættu ekki að vera til staðar.

Lokaröksemdafærslan er sú, að í flestum málum þessu líkum hafi verið skipaðir setudómarar. Dómarrinn ætlar ekki að rifja upp ástæðu fyrir því, en bendir á að nokkur hluti af starfi hans sem sýslumanns sé einmitt að vera þinglýsingardómari, þ.e. fara yfir og kanna þinglýsingarskjöl þar á meðal afsöl fyrir eignum. Auk þess sem hann hefir kynnt sér nokkuð reglur um eignarrétt og hefir áhuga á þeim málum, þá ætti hann ekki að öðru jöfnu að vera ófærari um að meta það hvort stefnendur hafi eignast Eyvindarstaðaheiði eða ekki. Að víkja sæti vegna þessara raka er því hæpið og raunar bara verið að skorast undan skyldu sinni.

Niðurstaðan er því sú, að dómarrinn lítur svo á að varnaraðili hafi ekki komið með haldbær rök fyrir því að hann víki sæti í málinu og synjar hann því framkominni kröfu.

Endurrit úr gerðabók Hæstaréttar 30. september 1987.

Miðvikudaginn 30. september 1987.

Ár 1987, miðvikudaginn 30. september komu hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Gaukur Jörundsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir saman í dómhúsi Hæstaréttar.

Fyrir var tekið:

Beiðni Benedikts Blöndals, Eiríks Tómassonar, Gunnars M. Guðmundssonar, Hákonar Árnasonar, Helga V. Jónssonar, Sveins Snorrasonar og Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmannna um að þeim verði ákveðin þóknun fyrir verjendastörf í hæstaréttarmálinu: